

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Ólafsfjarðar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber og reglugerð Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 367, 5. ágúst 1975.

2. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra, og hitalagnir í góðu lagi.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað. Einnig selur hitaveitan vatn eftir magnmæli, ef notandi þarf meira vatn í skamman tíma utan mesta álagstíma. Hitaveitustjóri ákveður til hvaða aðila skuli selja vatn eftir magnhemli.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu heimils eftir óskum húseigenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við starfsmenn hitaveitunnar fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

	kr.
a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil	270,00
b. Vatnsgjald á mánuði	440,00
fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.	

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð, og skulu þau greiddast til skrifstofu Ólafsfjarðarkaupstaðar. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 10 daga frá gjaldldaga.

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

	kr.
Fyrir hús allt að 400 m ³ að utanmáli	27 700,00
og síðan	54,00
fyrir hvern m ³ þar yfir.	

7. gr.

Hitaveitu Ólafsfjarðar er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld skv. 4. og 6. gr. í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Gjöld skv. 4. og 6. gr. miðast við byggingarvísitölu. Breyting til hækkunar skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 1 ári á hluta gjaldsins ef um er samið á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld hafa ekki verið greidd af.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með a. m. k. 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, í hvert skipti kr. 1 000,00.

Fullt afnotagjald ber að greiða fyrir þann tíma, sem hitavatnsæðum er lokað vegna vanskila.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 571, 18. desember 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 2. ágúst 1988.

F.h.r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 321/1986, sbr. rg. nr. 181/1987,
sbr. rg. nr. 12/1988 um lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins.**

1. gr.

Á eftir 9.tl. 4.gr. bætist nýr tölulíður, 10.tl., er hljóði svo:

Lán til kaupa á notuðum sérhönnuðum íbúðum eða bygginga á sérhönnuðum íbúðum fyrir fólk 60 ára og eldra.

2. gr.

Á eftir 41. gr. komi nýr undirkaflí, með þremur nýjum greinum. Fyrirsögn kaflans verði: **Lán til kaupa á notuðum sérhönnuðum íbúðum eða bygginga á sérhönnuðum íbúðum fyrir fólk, 60 ára og eldra.** Töluröð annarra greina breytist samkvæmt því.